



Fundur háskólaráðs 14. nóvember 2000

Fundargerð

Málsnúmer: HI00020043
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 07.11.2000 13:13:20
Dags: 14.11.2000

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbyggingu (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

15/2000

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2000, þriðjudaginn 14. nóvember var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 13:30.

1. Bókuð erindi

- 1.1 Bréf frá Guðlaugu Vilbogadóttur, skrifstofustjóra hjúkrunarfræðideildar, er varðar mat á lífeðlisfræðinámi Margrétar Felixdóttur frá Nýja hjúkrunarskólanum. Deildin hafnar erindinu. Málið verður tekið fyrir á næsta fundi.
- 1.2 Bréf frá Þórði Kristinssyni, kennslustjóra, ásamt tillögu frá kennslumálanefnd, að vinnureglum um úthlutun úr kennslumálasjóði. Samþykkt einróma.
- 1.3 Tillaga um að Unnur Dís Skaptadóttir, lektor í félagsvísindadeild, verði skipuð í vísindanefnd háskólaráðs í stað Viðars Más Matthíassonar sem veitt var lausn frá störfum í vísindanefnd með bréfi rektors frá 10. febrúar 2000. Samþykkt einróma.
- 1.4 Bréf frá Gísla Má Gíslasyni, formanni samráðsnefndar um kjaramál, vísað er í samþykkt háskólaráðs frá 14. september s.l. þar sem háskólaráð vísar bréfi dags. 23. ágúst frá Jóhanni Ág. Sigurðssyni, til umsagnar samráðsnefndar um kjaramál. Um er að ræða reglur og leiðbeiningar fyrir dómnefndir og framgangsnefndir um stöðuveitingar, stöðuhækkningar og þrepahækkningar í Læknadeild Háskóla Íslands. Erindinu var samhljóða vísað aftur til læknadeildar.

2. Mál til kynningar og afgreiðslu síðar

- 2.1 Lagt fram bréf frá Ragnhildi Steinbach, skrifstofustjóra lyfjafræðideildar, ásamt reglum um doktorsnám við lyfjafræðideild Háskóla Íslands, sem óskað er eftir að háskólaráð staðfesti. Vísað til kennslumálanefndar og vísindanefndar.
- 2.2 Lagt fram bréf frá Vilhjálmi Árnasyni, forseta heimspekideildar, og Ástráði Eysteinsyni, varaforseta heimspekideildar með tillögu um að stofnað verði til "Bókaverðlauna Háskóla Íslands" frá og með afmælisárinu 2001.
- 2.3 Lagt fram bréf frá Kristínu Klöru Einarsdóttur, skrifstofustjóra viðskipta- og hagfræðideildar, þar sem farið er þess á leit við háskólayfirvöld að 3. efnisgrein 58. gr. nýrrar reglugerðar fyrir Háskóla Íslands þar sem fjallað er um að skriflegar prófúrlausnir skuli merktar prófnúmerum og einkunnir birtar undir sömu auðkennum verði endurskoðuð. Þangað til sú endurskoðun hefur farið fram óskar viðskipta- og hagfræðideild eftir undanþágu frá ákvæði þessu.

3. Mál til kynningar

- 3.1 Lagt fram bréf frá Önnu Harðardóttur, skrifstofustjóra læknadeildar, þar sem fram kemur að á deildarfundum í læknadeild 1. nóvember 2000 var samþykkt að skipa Stefán B. Sigurðsson, prófessor varadeildarforseta læknadeildar í stað Jónasar Magnússonar, prófessors.

3.2 Lagt fram rekstraryfirlit Háskóla Íslands janúar – október 2000 og helstu framlög til framkvæmda Háskóla Íslands 1978 – 1999.

4. Mál á dagskrá

4.1 Greinargerð bygginganefndar um Náttúrufræðahús.

Inn á fundinn kom Brynjólfur Sigurðsson, formaður bygginganefndar og gerði grein fyrir framlagðri greinargerð um byggingu Náttúrufræðahúss frá 8. þ.m. Brynjólfur rakti gang framkvæmda og hlutverk bygginganefndar, háskólaráðs og stjórnvalda í ákvörðunartöku og framkvæmd verksins. Eftirlitsaðili með byggingunni samkvæmt lögum er Framkvæmdasýsla ríkisins.

Málið var rætt ítarlega og komu fram fjölmargar ábendingar, athugasemdir og fyrirspurnir sem Brynjólfur svaraði. Háskólaráð þakkaði Brynjólfi fyrir glögga og skýra greinargerð.

4.2 Fjármál og skipting fjárveitinga.

Fram var lagt minnisblað frá fjármálanefnd um skiptingu fjárveitinga á árinu 2001. Fjárveitingar ársins 2001 liggja ekki fyrir en háskólaráð þarf að taka afstöðu til ákveðinna forsendna um skiptinguna.

Fleira var ekki gert.
Fundu slitið kl. 16:20.